

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja-og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

**38. fundur skipulags-og byggingarnefndar Eyja-og miklaholtshrepps og Helgafellssveitar haldinn að Breiðabliki föstudaginn 08.12.2017 kl: 17:00**

**Mætt voru:** Atli Sveinn Svansson, Hilmar Hallvarðsson, Guðrún Reynisdóttir, Halldór Jónsson, og Ragnar M. Ragnarsson skipulags-og byggingarfulltrúi sem einnig ritaði fundargerð.

## **Dagskrá fundarins:**

### **1. Mastur neyðarlínunnar**

Rætt var um mastur neyðarlínunnar og staðsetningu þess.

**Niðurstaða fundarins: Byggingarfulltrúa falið að fylgja málinu eftir.**

### **2. Deiliskipulag við Vegamót**

Farið var yfir lýsingu á deiliskipulagi við Vegamót og þær athugasemdir sem komu frá umsagnaraðilum.

**Niðurstaða fundarins: Bygginga og skipulagsnefnd fór yfir þær athugasemdir sem komu fram við lýsinguna og vísar þeim lóðareigenda og hönnuða skipulagsins.**

### **3. Garðyrkjustöðin Lágafelli, stöðuleyfi fyrir gámi**

Lóðareigandi óskar eftir stöðuleyfi fyrir gámi á lóðinni sem verður klæddur með timbri.

**Niðurstaða fundarins: Bygginga og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi til eins árs.**

### **4. Hrísakot, breyting á fjárhúsi í íbúðir**

Lagðar eru fram teikningar unnar af Svövu Jónsdóttur arkitekt af breytingum á fjárhúsunum í 3 litlar íbúðir.

**Niðurstaða fundarins: Byggingar og skipulagsnefnda samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.**

### **5. Þingskálanes, deiliskipulag**

Lagt er fram lýsing á deiliskipulagi og drög að deiliskipulagi af svæðinu

**Niðurstaða fundarins: Byggingar og skipulagsnefnd samþykkir að setja deiliskipulagið í ferli og kynna það fyrir umsagnaraðilum. Jafnframt skal koma fram skýr tillaga landeigenda að aðkomu að svæðinu sem unnin verður í samráði við aðra landeigendur og vegagerðina.**

**6. Þingskálanes, ósk um stöðuleyfi**

Lóðareigandi óska eftir stöðuleyfi fyrir tveimur 40 feta gámum, merkt A1 á skipulagsuppdrætti.

**Niðurstaða fundarins:** Nefndin samþykkir stöðuleyfi til eins árs. Jafnframt samþykkir nefndin lagningu slóða að gámunum sem samræmist fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu. Nefndin leggur áherslu á að ekki verði unnið frekar á svæðinu fyrr en endanleg niðurstaða á deiliskipulagi liggur fyrir.

**7. Deiliskipulag fyrir Kóngsbakka**

Landeigendur óska eftir því að leggja fram nýtt deiliskipulag fyrir Kóngsbakka með smávægilegum breytingum.

**Niðurstaða fundarins: Bygginga og skipulagsnefnd samþykkir erindið.**

**8. Lágafell Salernisaðstaða**

Eigandi óska eftir að fá að reisa salernisaðstöðu á lóðinni samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

**Niðurstaða fundarins: Bygginga og skipulagsnefnd samþykkir erindið.**

**9. Birkilundur 39**

Eigandi hússins óskar eftir að byggja við húsið og nota um leið skyggni sem er yfir húsinu að hluta til sem þak.

**Niðurstaða fundarins: Bygginga og skipulagsnefnd samþykkir erindið.**

**10. Birkilundur 9**

Eigandi lóðarinnar óskar eftir að byggja á henni 70m<sup>2</sup> bílgeymslu samkv. meðf. uppdrætti.

**Niðurstaða fundarins: Byggingar og skipulagsnefnd samþykkir erindið en leggur áherslu á að húsið verði staðsett með tilliti til heildar byggingamagns á lóðinni.**

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 19:00**